



Fundargerð nr. 36 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Þriðjudagur 16.09.2025
Fundartími: 8:00-10:00
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður
Heimir Rafn Bjarkason
Hjalti Guðmundsson
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Guðmundur Daníelsson, Flóaljós
Pálmi Þormóðsson, verklegar framkvæmdir
Börkur Brynjarsson ráðgjafi í fjarfundi

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

0. Verkefni hjá Guðmundi Daníelssyni

- Ljósleiðaramál - vöktunarkerfi vatnsveitu
Guðmundur fór yfir stöðu vegna vöktunarkerfis í vatnsveitunni, tengingu vatnsveitumannvirkja við ljósleiðara og fjarskiptakerfi fyrir vöktunarkerfið. Farið yfir þá möguleika sem tengingin hefur svo sem aukið öryggi með myndavélum, aðgangsstýringum ofl.
Nefndin mælist til þess að haldið verði áfram með verkefnið og að Guðmundi Daníelssyni verði falið að panta þann búnað sem þarf og vinna að áframhaldandi framgangi verkefnisins. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á um 7 milljónir sem myndi dreifast á núverandi fjárhagsár og á árið 2026. Nefndin telur mikilvægt að klára vinnuna við vöktunarkerfið og horfa á að auka öryggi í vatnsveitumannvirkjum sveitarfélagsins.

a. Þingborg íbúðarbyggð

Nefndin var upplýst um að sveitarfélagið vinni að því að ganga frá samningi við Guðmundur Daníelsson um verkefnastjórn vegna undirbúnings útboðs og framkvæmda við íbúðarbyggð í Þingborg.

1. Verkefni og staða hjá Pálma Þormóðssyni, verkefnastjóra

. Dæluhús við Uppsali

Smíðir eiga lítið eftir og stefnt að því að þeir klári innan fárra daga. Búið að sækja um hjá Rarik og munu þeir reyna að koma streng inn á næstu vikum. Börkur Brynjarsson pantar þann búnað sem vantar uppá.

a. Körfuboltavöllur - yfirborðsvatn

Að óbreyttu safnast yfirborðsvatn við norðvestur enda á vellinum. Nefndin leggur til að sett verði niðurfall og lögn sem leiðir yfirborðsvatn frá vellinum og af skólalóð. Rætt um að undirlagið (malbik) verði þannig að vatn renni af vellinum. Lagt til að fá verktaka sem er með gps búnað til að taka halla á völlinn í vor.



b. Brandshús – fráveitumál

Lagnir voru myndaðar aftur. Lagfæra þarf lögna rétt fyrir utan húsið í Brandshúsum 4. Setja þarf lok á opið rör og taka yfirborðsvatn frá lögnum í hverfinu. Stefnt á að fara í þetta verkefni á næstu dögum. Pálmi mun halda áfram með þetta verkefni.

c. Þingborg breytingar

Framkvæmdir eru á áætlun. Í fundargögnum fylgdi tímasett áætlun. Pálmi telur ekki þörf á að halda verkfundi eins og staðan er í dag. Smíðir og rafvirkjar kláruðu undirbúningsvinnu innan tímaramma og GM sögun vinna að því að saga steypu í kringum sviðsopið. Stálbiti fer upp á næstu dögum.

Rætt um hvernig þiljur eigi að setja á vegg. Í skoðunarferð nefndarinnar var rætt um hvort slípa ætti veggina og mála þá til að byrja með. Búið að staðfesta tilboð í gólfduk frá Á. Óskarsson.

Pálmi vinnur áfram að málinu og sinnir byggingastjórn.

d. Innmælingar á lögnum í vatnsveitu / kortagrunnur – verkferill

Rætt um fyrirkomulag. Nefndin sammála um að nýjar heimtaugar séu innmældar strax eftir framkvæmdir en að stærri framkvæmdir séu teknar saman að hausti.

Nefndin sammála um að leitast verði við að finna verktaka til að gera samning við til að sinna innmælingum. Innmælingar eru svo settar inn í kortagrunninn og skrá send á á loftmyndir fyrir kortasjána map.is/sudurland.

Nefndin mælist til þess að verktakar í vatnsveitu taki myndir, helst hnitsettar, af lögnum, tengingum, krönum og öðru og sendi á sveitarstjóra. Í tækinu sem sveitarfélagið á er hægt að taka myndir með hnitum.

Hulda og Börkur skoði áskriftina sem er á tæki sveitarfélagsins og hvort verið sé að greiða fyrir leiðréttingar í tækinu.

e. Áhaldahús

Hulda og Pálmi hittu þann aðila sem hyggst byggja iðnaðarhúsnæði í Heiðargerði 6. Mikilvægt að fá teikningar og nákvæma skilalýsingu áður en sveitarfélagið samþykkir að ganga frá kaupum.

2. Verkefni hjá Berki Brynjarssyni, ráðgjafa hjá Eflu

• Huldu- og Maríuhólar – tenging við stofn

Nefndin er samþykk því að farið verði yfir í vegghelgunarsvæði hinumegin við Skeiðaveg að mestu leiti þar sem auðveldara er að koma fyrir fleiri lögnum. Sú leið bætir einnig þrýsting í Merkurlaut og Axarhólsbraut. Lögnin tengist svo inn á Huldu- og Maríuhóla og Krækishóla.

Börkur hefur rætt við Ólafsvelli ehf. um þessa leið og þjótandi tekur vegþverunina.



Vatnslagnir og lagning annarra lagna innan Huldu- og Maríuhóla langt komnar. Börkur kannar tímaramman hjá Ólafsvöllum ehf. og áætluð verklok. Börkur pantar efni sem vantar uppá við ofangreina framkvæmd.

a. Grímsskjól – fyrirspurn um vatnstengingu

Rætt um hvaða leið eigi að fara varðandi tengingu á lóðum í Grímsskjóli við vatnsveituna.

Í dag er 50mm þverun undir Langholtsveginn. Nefndin mælir með að taka eina þverun í viðbót sem dugar fyrir 4 lóðir og myndi einnig duga til framtíðar fyrir skipulagt svæði undir verslun og þjónustu austanmegin við Grímsskjól.

Börkur skoðar áfram.

b. Handbók vatnsveitu

Börkur fékk athugasemdir á dögnum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands vegna handbókarinnar. Athugasemdirnar snúa aðallega að vísun í lög og skoða þarf áhættumat og viðbragðsáætlun.

Rætt um vatnsvernd og nálægð við opna námu í Dalsmynni og í Hjálmholti.

Nefndin bendir sveitarstjórn að skoða þarf það sem snýr að vatnsvernd almennt í vinnu við endurskoðun aðalskipulags.

c. Ruddakrókur /Samúelslind

Nefndin leggur áherslu á að verkefni við Ruddakrók verði klárað. Börkur mun fylgja því eftir og kannar aðstæður með verktaka í vatnsveitu í október.

Þarf að gera breytingar á dæluhúsi á Neistastöðum tengt þessu.

Nefndin felur Berki að klára þessar framkvæmdir fyrir veturinn í samráði við verktaka í vatnsveitu.

Skoða hvort hægt sé að bora dýpra í Ruddakrók til að fá meira vatn úr lindinni og draga þannig úr magni af vatni sem kemur frá Selfossi.

Halda áfram að skoða nýtingu og hvort halda eigi lindinni opinni. Börkur og verkaki í vatnsveitu skoða það í október.

3. Vatnsveita

. Súllur við Vestur-Meðalholt

Góður gangur í verkefninu. Byrjað að leggja lagnir í skurð þ.e vatnsveitu, rafmagn og ljósleiðara. Reiknað með að þetta klárast á næstu dögum.

a. Lækjarbakki – Loftstaðir

Nefndin samþykk því að leggja 9emmm lögn frá Lækjarbakka að Loftsstöðum sem fyrsta áfanga í að styrkja vatnsveituna á svæðinu og svera hringtengingu á þessari leið.

Verktaki í vatnsveitu tekur þetta í haust og mikilvægt að þetta verði klárað fyrir veturinn þar sem búið er að gefa leyfi fyrir byggingu á L227147.

Börkur pantar efni í þetta verkefni.



Nefndin mælist til þess að þegar vatnslögnin verður endurnýjuð frá Eystri Hellum að Loftsstöðum að þá verði hún færð nær veginum. Gert verði ráð fyrir þeirri framkvæmd í fjárfestingaáætlun næstu ára.

b. Nýtengingar

Farið stuttlega yfir nýtengingar á árinu.

c. Kerfismynd

Börkur mun teikna upp kerfismynd og leggja fyrir nefnd í október.

Kerfismyndin er einnig partur af handbókinni með vatnsveitunni.

4. Önnur mál

. Vettvangsferð í Þingborg

a. Vinnuskjal um verkef í excel – Hulda byrjuð að taka saman í skjal

b. Næsti fundur verður 28. október kl. 8:00-10:00

Á næsta fundi liggi fyrir drög að fjárfestingaverkefnum í vatnsveitunni fyrir 2026 og næstu 3 ár þar á eftir.

Einnig leggi umsjónarmaður fasteigna fyrir framkvæmda- og viðhaldsáætlun og skriflega samantekt yfir helstu verkefni sem unnin hafa verið í fasteignum sveitarfélagsins á árinu 2025.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra